Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 19.7.2021

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð skipulagsfulltrúa 9.júlí 2021varðandi eftirfarandi mál:

**Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli, breyting á deiliskipulagi**

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Kennaraháskóla Íslands og Sjómannaskólareits vegna Bólstaðarhlíðar 47 (Háteigsskóla). Breytingin felst í því að stækka núverandi byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á suðurhluta lóðarinnar og auka byggingarmagn innan reitsins, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. júlí 2021.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Þar sem skipulags- og samgönguráð er í sumarfríi er óskað eftir því að málið verði tekið til afgreiðslu á fundi borgarráðs 22. júlí nk.

Þar sem um óverulega breytingu á deiliskipulagis er að ræða er lagt til að borgarráð samþykki að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi

Fylgiskjöl: deiliskipulagsuppdráttur umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5.júlí 2021

# Breyting á deiliskipulagi K.H.Í. og Sjómannaskólareits vegna. Bólstaðarhlíðar 47 (Háteigsskóla)




Gildandi deiliskipulag fyrir KHÍ og Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóla.
Breyting samþykkt í Borgarráði 30.ágúst 2018 mkv. 1:1000




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Bólstaðarhlíð 47 mkv. 1:1000



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

**Skýringar**

- Afmörkun breytingar
- Lóðamörk
- Byggingareitur fyrir færanlegar skólastofur
- Núverandi færanl. skólastofur
- Ný færanleg skólastofa
- Bráðabirgðahúsnæði byggingar sem heimilt er að fjarlægja
- 4,5 Hámarkshæð færanl. skólastofa

## GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag KHÍ. og Sjómannaskólareits, samþykkt í borgarráði þann 10.september 1996 ásamt síðari breytingum. Nýjasta deiliskipulagsbeyting fyrir lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð (Háteigsskóla) var samþykkt í Borgarráði þann 30.ágúst 2018.

Á lóðinni er grunnskóli og heildarstærð skólalóðar er 11.696m². Fyrir á lóðinni eru 5 færanlegar kennslustofur á tveimur byggingarreitum samþykktum árið 2015 og 2018. Staðsetning bílastæða eru leiðbeinandi samkvæmt gildandi deilideiliskipulagi.

**Breyting á deiliskipulagi**

Breyting fellst í því að stækka byggingarreit fyrir færanlegar skólastofur og koma fyrir nýjum kennslustofum innn þessa reits. Nýjar færanlegar kennslustofur verða staðsettar við núverandi færanl. skólastofur á suðurhluta lóðarinnar. Stofurnar verða nýttar til kennslu. Nýjar skólastofur eru einnar hæðar og í samræmi við núv.færanlegar kennslustofur á lóðinni.

Hámarkshæð fæaranlegra.kennslustofa er 4,5m. Lóðarmörk verða óbreytt. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

## STÆRÐIR

**NÚVERANDI ÁSTAND**

| HEITI | LÓÐ FM. | NOTKUN | BYGGINGARMAGN | NHL |
|---|---|---|---|---|
| Bólstaðarhlíð 47 /Háteigsskóli | 11,696m² | Skóli; | 4,199m² | 000 |
| | | Færanl. kennslust; | 380m² | |
| | | **Alls;** | 4,579m² | 0,39 |

**DEILISKIPULAGSBREYTING**

| HEITI | LÓÐ FM. | NOTKUN | BYGGINGARMAGN | NHL |
|---|---|---|---|---|
| Bólstaðarhlíð 47 /Háteigsskóli | 11,696m² | Skóli; | 4,199m² | 000 |
| | | Færanl. kennslust; | 580m² | |
| | | **Alls;** | 4,779m² | 0,41 |



Skýringarmyndir: ásýnd á byggingarreit fyrir nýjar skólastofur



Skýringarmyndir: ásýnd á byggingarreit - núverandi skólastofur



Skýringarmynd: Loftmynd með nýrri færanlegri kennslustofu - bætt inn. Mkv. 1:1000

A-BREYTING A-DAGS
BREYTINGAR: DAGS:

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2.mgr. 43.gr.skipulagslaga nr. 123/ 2010 var samþykkt

í /á ____________________ þann______ 20___.

Til samræmis við heimild 3.mgr.44.gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og /eða umsækjenda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann __________ 20___.

Hönnunarstjóri: Ósk Soffía Valtýsdóttir — Samþykkt:

Verk: Deiliskipulagsbreyting v/ Færanl. kennslustofur — Tekn nr. 1

1:1000

Bólstaðarhlíð 47 - Háteigsskóli

arkteikn slf — Dags. 05.07.21

Gísli Sæmundssn arkitekt FAÍ 290656-4869 A2

Ósk Soffía Valtýsdóttir arkitekt FAÍ 041161-2649

**Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**
Borgartúni 12-14, 105 REYKJAVÍK sími 411-8000